

Nr. 255.

400

27. júní 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Í Reykjavíkjafjarðarál allt árið á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er 50° réttvisandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 20°40 v.lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 237 15. júní 1977, um breytingu á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 256.

23. júní 1977.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Egilsstaðahreppi Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu. Auk A-gjalds verði einnig B-gjald skv. reglugerð nr. 85 12. mars 1975, sem er til að greiða kostnað við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttir.

3. gr.

Til útreiknings A-gjalds skal nota eftirfarandi einingartölur, sem hækka eða lækka með byggingarvísitölu á hverjum tíma.